

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Gunnars Þorbergssonar Oddson frá Neshjáleigu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 31. ágúst 1938. 104 31. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Gunnars Þorbergssonar Oddson frá Neshjáleigu, handa ekkjum og börnum manna, búsettra í Loðmundarfirði og Seyðisfirði, er í sjó drukkna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður Gunnars Þorbergssonar Oddson frá Neshjáleigu handa ekkjum og börnum manna búsettra í Loðmundarfirði og Seyðisfirði, er í sjó drukkna“, og er stofnaður samkvæmt erfðafyrirmælum Gunnars Þorbergssonar Oddson, er lést í Mountain í Norður-Dakota 31. janúar 1937.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Í þrjú ár frá dánardegi sjóðstofnandans, Gunnars Þorbergssonar Oddson, skal leggja alla vexti við höfuðstólinn. Að þeim tíma liðnum skal leggja einn þriðja hluta ársvaxta við höfuðstólinn, en tveimur þriðju hlutum varið árlega til styrktar ekkjum og börnum manna búsettra í Seyðisfirði og Loðmundarfirði, er í sjó hafa drukknað, og skal við úthlutun styrks tekið tillit til efna og ástæðna þeirra, er styrks leita. Sjóðstjórninni skal þó heimilt, ef að höndum ber stórslys á sjó, er veldur drukknum margra manna, að úthluta öllum ársvöxtum á því ári, er slíkt skeður.

Verði vöxtum ekki ráðstafað svo sem að framan greinir, skulu þeir allir leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Aðalumsjón sjóðsins hefir sýslunefnd Norður-Múlasýslu á hendi. Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, 2 er sýslunefndin kys á aðalfundi ár hvert, en hinn 3. skal vera sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu. Auk þess skal kjósa 1 varastjórnanda. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún annast auglýsingar um styrk úr sjóðnum, ákveður styrkveitingar allar og semur reikning sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk, styrkveitingar, fundarsamþykktir og annað, er varðar hag sjóðsins og rekstur. Stjórnin skal og ennfremur halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikning sjóðsins.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almannaksárið. Reikning sjóðsins skal sýslunefnd endurskoða, úrskurða og birta.

6. gr.

Sjóðurinn skal geymast og ávaxtast í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast staðfestingar konungs.